

REGLUGERÐ

um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins er að stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð, koma til aðstoðar byggðarlögum er höllum fæti standa vegna breytinga í útgerðarháttum og að efla hafrannsóknir.

2. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands annast stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Fiskveiðasjóður annast daglegan rekstur sjóðsins.

3. gr.

Eignir sjóðsins.

Stofnfé Hagræðingarsjóðs skal vera:

1. Þær eftirstöðvar eigna Úrelðingarsjóðs sem varðveittar eru í skuldabréfum, skv. d-lið 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.
2. Eignir Aldurslagasjóðs fiskiskipa, sbr. II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.
3. Söluandvirði eigna eða stofnana ríkisins sem lagt kann að verða til sjóðsins með sérstökum lögum.

4. gr.

Hagræðingarsjóðsgjald.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1992 nema 935 kr. af hverri brúttórúmllest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 280.000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldldagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmllestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips, skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

5. gr.

Fækkun fiskiskipa.

Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í því skyni skal sjóðurinn veita styrki til úrelðingar skipa enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti.

6. gr.

Úreldingarstyrkur.

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru samkvæmt 1. mgr. 4. gr. Skal úreldingarstyrkurinn vera 30% af húftryggingarverðmæti fiskiskips eins og það var við upphaf þess almanaksárs er umsókn um styrkinn barst. Liggi húftryggingarverðmæti ekki fyrir skal stjórn sjóðsins ákveða þá viðmiðun, sem hún telur eðlilega. Á árinu 1992 skal úreldingarstyrkur þó aldrei vera hærri fjárhæð en 50.000.000 kr. fyrir hvert skip.

Skilyrði fyrir að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita loforð um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að skipið hafi fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 38/1990 og ekki orðið fyrir altjóni þannig að fullar tryggingarbætur verði eða hafi verið greiddar út. Það eru ennfremur skilyrði að réttur eigandi eða eigendur skips og handhafi viðkomandi réttinda lýsi því yfir að skipið verði eða hafi verið tekið varanlega af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og að allar aflaheimildir skipsins verði varanlega sameinadar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Stjórn sjóðsins er óheimilt að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá sjávarútvegsráðuneytinu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinadar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Þá er stjórn sjóðsins óheimilt að greiða styrk vegna skips sem orðið hefur fyrir altjóni þannig að fullar tryggingarbætur hafi verið eða verði greiddar fyrir skipið.

Komi í ljós að fjárhagur sjóðsins leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er sjóðsstjórn heimilt að lækka það hlutfall af húftryggingarverðmæti sem styrkur miðast við. Jafnframt er sjóðsstjórn heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

7. gr.

Forkaupsréttur til fiskiskipa.

Við upphaf hvers fiskveiðiárs, í fyrsta sinn í upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1992, skal útgerðum fiskiskipa gefinn kostur á að fá framselda til sín gegn endurgjaldi er tekur mið af almennu gangverði a.m.k. þrjá fjórðu hluta þeirra aflaheimilda sem sjóðurinn fær úthlutað. Skulu aflaheimildir sjóðsins boðnar í samræmi við aflahlutdeild hvers skips af hverri tegund.

Nemi samanlagðar aflaheimildir sem útgerð skips á forkaupsrétt á skv. 1. mgr. þessarar greinar minna en 7 þorskígildislestum fellur forkaupsréttur niður.

Neyti útgerðin ekki forkaupsréttar eða standi ekki skil á endurgjaldi innan tiltekins tíma skal sjóðurinn framselja þær aflaheimildir hæstbjóðanda, sbr. 12. grein reglugerðar þessarar.

8. gr.

Forkaupsréttur til sveitarfélaga.

Sjóðurinn stuðlar að eflingu fiskvinnslu í þeim byggðarlögum, er höllum fæti standa, með því að framselja til sveitarfélaga allt að einn fjórða hluta þeirra aflaheimilda sem sjóðnum er úthlutað.

Umsóknir um forkaupsrétt skulu sendar sjóðnum einum mánuði fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs og skulu fylgja umsókn þær upplýsingar sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegar. Sjóðsstjórn metur hvort almenn skilyrði fyrir forkaupsrétti séu uppfyllt. Telji hún líklegt að svo sé skal leitað umsagnar Bygðastofnunar áður en sjóðsstjórn tekur lokaákvörðun um hvort orðið skuli við umsókn og hversu miklum aflaheimildum skuli ráðstafað til eflingar vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

9. gr.

Skilyrði fyrir aðstoð sjóðsins er að sala fiskiskips eða fiskiskipa hafi valdið slíkum straumhvörfum í atvinnumálum viðkomandi byggðarlags að fyrirsjáanleg sé veruleg fækkun starfa heimamanna í útgerð og fiskvinnslu á atvinnusóknarsvæði byggðarlagsins. Jafnframt er það skilyrði að fyrirsjáanlegt sé að ekki séu í boði önnur störf á viðkomandi atvinnusóknarsvæði og byggðaröskum af þeim sökum yfirvofandi.

10. gr.

Hafi stjórn sjóðsins ákveðið að verða við umsókn skal sveitarstjórn boðinn forkaupsréttur að tilteknum aflaheimildum gegn endurgjaldi sbr. 1. mgr. 7. gr. Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skal tilkynna Hagræðingarsjóði nafn og skipaskrárnúmer þess fiskiskips eða fiskiskipa sem aflaheimildirnar skulu fluttar til. Tilkynningu skal fylgja staðfesting frá útgerð viðkomandi fiskiskips.

11. gr.

Sjávarútvegsráðherra ákveður endurgjald fyrir þær aflaheimildir sjóðsins sem boðnar eru með forkaupsrétti samkvæmt 7. til 10. gr. reglugerðar þessarar. Verði ekki staðin skil á endurgjaldi vegna aflaheimilda sem forkaupsréttur hefur verið boðinn á innan þriggja vikna fellur forkaupsréttur niður.

12. gr.

Útboð aflaheimilda.

Þær aflaheimildir Hagræðingarsjóðs sem ekki er ráðstafað samkvæmt ákvæðum 7. til 10. gr. þessarar reglugerðar skal stjórn sjóðsins framselja hæstbjóðanda.

Reynt skal að haga útboði þannig, að sem hæst verð fáið fyrir heimildirnar. Skal stjórnin ákveða hversu oft slík útboð fara fram og hversu mikið magn er boðið hverju sinni. Það skal vera aðalregla, að heimildirnar séu seldar og að fullu greiddar fyrir desemberlok á viðkomandi fiskveiðiári. Aflaheimildirnar skulu boðnar út með auglýsingu í dagblaði eða öðrum sannanlegum hætti og hæfilegur frestur gefinn til að senda inn tilboð. Tilboð skulu miðuð við staðgreiðslu en sjóðsstjórn setur að öðru leyti nánari reglur um framkvæmd útboðsins og skulu þær birtast í útboðsauglýsingu eftir því sem við á.

13. gr.

Ýmis ákvæði.

Framsal á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs samkvæmt 7. til 12. gr. þessarar reglugerðar öðlast ekki gildi fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur staðfest móttöku á tilkynningum sjóðsins til ráðuneytisins um hvað mikið magn af hverri tegund er flutt á einstök fiskiskip.

14. gr.

Reikningsár sjóðsins er fiskveiðiárið. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að lokinni endurskoðun. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Fiskveiðasjóður Íslands annast reikningshald Hagræðingarsjóðs.

15. gr.

Fundir stjórnar eru lögmatir ef meira en helmingur stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar í gjörðabók.

16. gr.

Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar á hagkvæman og tryggan hátt. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af tekjum hans.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sbr. l. nr. 4/1992, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 156/1991 og 34/1992.

Hafi umsókn um greiðslu úreldingarstyrks borist stjórn Hagræðingarsjóðs fyrir gildistöku laga nr. 4/1992 án þess að hljóta afgreiðslu skal stjórn sjóðsins afgreiða slíkar umsóknir í samræmi við ákvæði l. nr. 4/1992 og reglugerðar þessarar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 620/1991.**

1. gr.

2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu. Vatnsgjald má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða hámark og lágmark vatnsgjalds miðað við rúmmál húseigna, enda verði álagningin aldrei hærri en sem nemur 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni.

2. gr.

Við 9. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, sem verði 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Nú liggur matsverð fasteignar eigi fyrir við álagningu vatnsgjalds, en fasteign getur notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins, sbr. 1. mgr., og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða upphæð vatnsgjaldsins með hliðsjón af því hver verður líklegur álagningarstofn fullfrágenginnar eignar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og innheimtu þess hagað á sama hátt, í samræmi við 4. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990.

3. gr.

Við 10. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, sem verði 2. mgr., svohljóðandi:

Í undantekningartilvikum, þegar stofnkostnaður og/eða rekstrarkostnaður vatnsveitu er óvenjulega hár, getur ráðherra veitt sveitarstjórn heimild til að ákveða hærra aukavatnsgjald en segir í 1. mgr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 13. gr. laga nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1992.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.